

Fra fjáðmænu.

Alþingi
Erindi nr. P 139/935 11.12.2010
komudagur 11.12.2010

Breytingatillögur við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum – 200. mál.

1. b. liður 2. gr. frumvarpsins fellur brott.

Athugasemdir:

b-liðnum er ofaukið þar sem búið er að orða 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins í a-lið ákvæðisins.

2. d. liður 2. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður er verður 1. másl., svohljóðandi: Tekjutengdar barnabætur skulu árlega nema 61.191 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.

Athugasemdir:

Um er að ræða leiðréttingu þar sem láðst hefur að geta þess að skerðingarhlutfall með hverju barni yngri en 7 ára skuli vera 3% eins og kveðið er á um í athugasemdum um greinina.

3. b- og c-liðir 3. gr. frumvarpsins falla brott.

Athugasemdir:

Lagt er til að ekki verði gerðar breytingar á ákvæði 68. gr. B um vaxtabætur.

4. d. liður 11. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 1. mgr. bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 10% af áfengisgjaldi skv. 1.-3. tölul.

Athugasemdir:

Um er að ræða leiðréttingu á prentvillu í lagatextanum til samræmis við athugasemdir um greinina.

5. d. liður 13. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

d. Við 2. mgr. bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 20% af tóbaksgjaldi skv. 1.-3. tölul.

Athugasemdir:

Um er að ræða leiðréttingu á prentvillu í lagatextanum til samræmis við athugasemdir um greinina.

6. Breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins.

a-liður 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2012.

Athugasemdir:

Rétt þykir að fresta gildistöku ákvæðisins um eitt ár að fengnum athugasemdum þar um.

10. gr. laganna öðlast gildi 1. janúar 2011 og tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar, búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna, og álagningu erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir:

Hér er lögð til breyting á gildistöku þar sem upp kann að koma það vandamál að skýrsla berst sýslumanni 31. desember 2010 en sýslumaður nær ekki að árita um skiptalok fyrr en í byrjun janúar 2011, t.d. í þeim tilfellum þar sem ágreiningur er um verðmæti eigna.

11.-15. og 18. gr. laganna taki gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir:

Rétt þykir að miða gildistöku ákvæðanna við upphaf ársins 2011.